

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Birgi Einarson apótekara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Birgi Einarson apótekara. Heimili hans og varnarping er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja píanóleikara til framhaldsnáms.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3.000.000, þrjár milljónir króna. Það má aldrei skerða að raungildi. Sjóðinn ber að ávaxta með tryggilegum hætti.

4. gr.

Styrkir skulu veittir úr sjóðnum eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti, í fyrsta skipti 1998.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Skulu einn aðalmanna og einn varamanna vera afkomendur Birgis Einarson og er aðalmaðurinn formaður sjóðsins. Aðrir stjórnarmenn skulu vera úr hópi píanóleikara og kennara í píanóleik. Stofnandi sjóðsins og ekkja Birgis, frú Anna Einarson, tilnefnir fyrstu aðal- og varastjórn sjóðsins, en stjórnarmenn skulu síðan hver um sig tilnefna eftirmenn sína.

Formaður sjóðstjórnar ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem stjórnin kveður til.

7. gr.

Fundargerðir sjóðstjórnar og allar ákvarðanir hennar skulu skráðar í sérstakar bækur, sem varðveittar skulu eftir reglum um varðveislu opinberra skjala.

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt þessari skipulagsskrá með einróma samþykki nema ákvæði 2. gr.

Með sömu skilmálum er heimilt að leggja sjóðinn niður og skulu eignir hans þá renna til píanódeildar Listaháskóla Íslands eða sambærilegrar stofnunar, sem komið hefur í hennar stað.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á þessari skipulagsskrá samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Endurprentað blað.

Skiplagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. maí 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Hauks Snorrasonar ritstjóra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hauks Snorrasonar ritstjóra. Hann var stofnaður af vinum og vandamönnum Hauks Snorrasonar og fleiri aðilum 1961 og hlaut skipulagsskrá hans staðfestingu forseta Íslands 10. mars 1961.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að veita íslenskum blaðamönnum styrki til námsferða og styrkja útgáfu rita varðandi sögu blaðamennsku og Blaðamannafélags Íslands.

3. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku hvers konar gjöfum og framlögum er einstaklingar, fyrirtæki og félög vilja leggja fram. Einnig getur stjórn sjóðsins aflað honum tekna.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins var 1961 gkr. 70.000. Höfuðstóll sjóðsins sem ekki má skerða er nú kr. 446.000. Sjóðsstjórnin skal ávaxta fé sjóðsins þannig, eftir því sem unnt reynist, að rýrnun verðgildis peninga hafi ekki áhrif á eignir hans.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir menn kosnir til þriggja ára. Blaðamannafélag Íslands kys þrjá og skal einn þeirra vera formaður sjóðsstjórnar. Afkomendur Hauks Snorrasonar velja einn mann í sjóðsstjórnina.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðendum Blaðamannafélags Íslands.

7. gr.

Til breytinga á skipulagsskrá þessari þarf einróma samþykki stjórnar sjóðsins. Slík breyting á skipulagsskránni skal einnig hljóta samþykki dómsmálaráðherra.